

## 4. fundur framkvæmdastjórnar Umf. Selfoss

haldinn í Tíbrá 28. september 2016 kl. 20:00.

**Mættir eru:** Guðmundur Kr. Jónsson formaður, Hjalti Þorvarðarson, Sverrir Einarsson og Viktor S. Pálsson ásamt Gissuri Jónssyni framkvæmdastjóra.

**Forföll boðaði:** Jóhann Helgi Konráðsson.



### 1. Þjónustusamningur við Sveitarfélagið Árborg

Lagðar voru fram óskir Umf. Selfoss varðandi fjárveitingar í þjónustusamning milli Umf. Selfoss og Sveitarfélagsins Árborgar. Lagt var mat á áherslur sem sendar voru á ípróttu- og menningarfulltrúa í seinustu viku.

Framkvæmdastjóra falið að óska eftir fundi með bæjarráði og senda öll gögn á alla bæjarfulltrúa.

Í fjárhagsáætlun þarf að uppfæra rauntölur varðandi launakostnað ársins 2016 til að hafa sem gleggsta mynd af væntanlegum kostnaðarauka vegna launahækkana á samningstímanum.

### 2. Bókhald Umf. Selfoss

Afar mikilvægt er að deildir skili bókhaldsgögnum mánaðarlega til að tryggja góða yfirsýn í fjármálum félagsins. Framkvæmdastjóra og bókara falið að skila upplýsingum um stöðu allra deilda og ráða á fundi framkvæmdastjórnar í október.

### 3. Samskipti við Sveitarfélagið Árborg

Af gefnu tilefni vill framkvæmdastjórn minna á að aðalstjórn Umf. Selfoss fer með öll samskipti milli félagsins og/eða einstakra deilda þess og sveitarfélagsins. Menningar- og frístundafulltrúi Árborgar er tengiliður af hálfu sveitarfélagsins og framkvæmdastjóri Umf. Selfoss er tengiliður af hálfu félagsins.

### 4. Keppnisaðstaða fyrir handknattleiksdeild

Framkvæmdastjóri kynnti hugmyndir af fundi með ípróttu- og menningarfulltrúa Árborgar og formanni handknattleiksdeildar um keppnisaðstöðu fyrir handknattleiksdeild Selfoss að loknu núverandi keppnistímabili.

Þar sem tímabundin undanþága var veitt til keppni í ípróttahúsi Vallaskóla fyrir yfirstandandi keppnistímabil er mikilvægt að áætla fjármagn í verkefnið við fjárhagsáætlunargerð sveitarfélagsins fyrir árið 2017. Er það í samræmi við viljayfirlýsingu allra aðila frá því í ágúst 2016.

### 5. Uppbygging ípróttamannvirkja

Framkvæmdastjóra falið að hafa samband við knattspyrnudeild til að kynna nánar fyrir Sveitarfélaginu Árborg hugmyndir um byggingu fjölnota húss á Selfossvelli.

## **6. Lýðheilsa í Sveitarfélaginu Árborg**

Framkvæmdastjóra falið að senda erindi á Sveitarfélagið Árborg til að marka og framfylgja stefnu um lýðheilsu íbúa í Árborg.

**Fleira ekki tekið fyrir, fundargerð samþykkt. Fundi slitið kl. 21:21.  
Gissur Jónsson ritaði fundargerð.**